

24.3.2010

Rás 2
Morgunútvarpið

Fréttamaður: Bríet Konráðsdóttir
Tími: 00:06:45

FT-SIF

Sveinn H. Guðmarsson: Við ætlum að bregða okkur niður á Reykjavíkurlugvöll. Landhelgisgæslan hefur nefnilega haft í nógu að snúast í kringum gosið við Eyjafjallajökul og gæsluvélin TF-SIF hefur gegnt þar mikilvægur hlutverki og hún er vel hönnuð til að greina það sem fyrir, kemur fyrir í gosinu og öllu því sem við kemur og er búin nýjustu tækni. Auðunn Kristinsson, yfirstýrimaður hjá Landhelgisgæslunni sýndi Bríeti Konráðsdóttur inn í vélina.

Auðunn Kristinsson, yfirstýrimaður hjá Landhelgisgæslunni: Það er búið að fljúga þessari vél um sennilega 400 tíma frá því að hún kom til landsins í sumar og mest af því er sem sagt eftirlitsflug og svo í þjálfunarflug í líka.

Bríet Konráðsdóttir: Eigum við að skella okkur inn í vélina?

Auðunn Kristinsson: Gerum það, gjörðu svo vel. Þá erum við komin um borð, svona er hún útbúin dagsdaglega hjá okkur.

Bríet: Hvað, það komast margir í þessa vél?

Auðunn Kristinsson: Sko, við getum tekið, eins og hún er búin í dag þá getum við tekið svona 14



CREDITINFO

– forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

farþega og einar sjúkrabörur. Við erum alltaf með sjúkrabörur í henni, þær eru bara hérna fyrir aftan þil þannig að hún er tilbúin til sjúkraflugs í raun og veru venjulega. Allur búnaðurinn hennar miðar að því að þetta sé eftirlits-, leitar- og björgunarflugvél. Eitt af hlutverkum Landhelgisgæslunnar er að aðstoða við og sinna almannavarnatilfellum og þessi, þessar ferðir sem við erum búnir að fara í kringum þessi eldgos tengjast því að fara með vísindamenn á vettvang og kortleggja eldsvæðið. Við erum með mjög góðan búnað til að kortleggja hraunflæði og breytingar á landslagi.

Bríet: Sýndu mér þennan búnað?

Auðunn Kristinsson: Já, við skulum kíkja hérna aftur í. Í þessum tveimur vinnuborðum hérna erum við í raun og veru með þann búnað sem að við stýrum þeim eftirlitsbúnaði sem við höfum. Búnaðurinn samanstendur af 360 gráðu radar eða eftirlitsratsjá sem að er með loftnet undir miðri vélinni og sem er með mikla greiningarhæfni og þarna nákvæm og getur kortlagt yfirborð sjávar eða lands og það er einn af þeim búnaði sem við höfum verið að nota hvað mest í þessu eldgosaflogi. Svo erum við með hitamyndavél sem er framan á vélinni og hitamyndavél er myndavél sem skynjar sem sagt hitamun upp á ja 0,1-2 gráður, þannig að allt sem að er, í umhverfinu sem að hefur einhvern hitamun það sést mjög vel í þessari myndavél.

Bríet: Eins og núna, þegar þið eruð búnir að vera að fljúga yfir gossvæðið. Hvað eruð þið langt frá gossvæðinu?

Auðunn Kristinsson: Sko, það fer eftir því hvort við séum að taka hitamyndir eða radarmyndir. Ef að það eru sjónflugsskilyrði þá getum við farið ansi nærri gossvæðinu sem sagt vindmegin, kannski í 4-5



CREDITINFO

– forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

kílómetra fjarlægð. Við erum tiltölulega hátt ef að skýjahæð leyfir, svona 6-7 þúsund fet en ef aftur á móti það eru ekki sjónflugsskilyrði að þá förum við hærra, kannski í 30-40 sjómílur frá eldsvæðinu, upp í 20 þúsund fet og skoðum þá svæðið með ratsjá. Þannig að það er í raun og veru stóri munurinn frá því sem það var áður fyrr, þá var ekki hægt að skoða svona góssvæði nema það væri bjart en nú getum við gert það að nóttu sem degi óháð veðri.

Bríet: Hafið þið nota þessa hitamyndavél áður?

Auðunn Kristinsson: Já, við notum hana í raun og veru á hverjum degi í okkar starfi í hérna eftirliti á sjó og ef við erum að leita að fólki í sjó, björgunarbátum og slíku að þá er hún mjög gagnleg.

Bríet: Skynjar hún hitann af fólkinu?

Auðunn Kristinsson: Já, já í raun og veru, þetta eru í raun og veru 3 myndavélar í þessari kúlu sem er framan á. Við erum með sagt tvær sem við köllum daylight TV camerur og eina hitamyndavél. Þessar daylight TV camerur eru mjög ljósnæmar. Þannig að í raun og veru í svartamyrkri sjáum við umhverfi okkar eins og að degi væri, allt að því.

Bríet: Hérna eru 6 skjáir, sjáið þið í gegnum myndavélina eitthvað á þessum skjáum eða?

Auðunn Kristinsson: Þetta eru reyndar tvö system eða tvö kerfi alveg eins og það er hægt að gera í raun og veru, stýra öllum þessum tækjum frá sitt hvorri vinnustöðinni og þarna erum við með, þegar kveikt er á þessu þá erum við með 3 myndavélar, við erum með radar og við erum með kort með hérna upplýsingum um hvar við erum stödd og slíkt.

Bríet: En af hverju eruð þið með tvö sett sem að eru



CREDITINFO

– forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

nákvæmlega eins?

Auðunn Kristinsson: Það er í raun og veru einn maður ræður ekki við að vinna á öll þessi tæki í einu þannig að það þarf tvo stýrimenn til að stýra þessum búnaði þannig að vinnuskiptingin er þannig að á borðinu vinstra megin að þá er stýrimaður sem stýrir myndavélum og radar og á hinu borðinu er, hann sér um mengunarratsjána og fjarskipti og gagnaöflun þess vegna erum við með tvö borð.

Bríet: Og kannt þú alveg á allar þessar græjur?

Auðunn Kristinsson: Já, við erum svona orðnir nokkuð lunknir við þetta.

Bríet: Nú er reyndar slökkt á öllum skjáunum þannig að, en ég sá í fréttunum í gær að þetta er ansi flókið allt saman, þetta er bara eins og í geimskipi.

Auðunn Kristinsson: Já, þetta kannski má segja það, lítur þannig út en það er eins og með allt ef að menn kunna orðið á hlutina þá er þetta einfaldara heldur en þetta virðist vera og svo er kannski annað að fram í hjá flugmönnum að þeir eru með tvo skjái þar svona heldur minni en þessir og þar geta þeir fylgst með því sem að við erum að gera hérna aftur í. Þannig að þeir, til dæmis þegar við erum að fara inn á firði í myrkri að þá geta þeir séð á hitamyndavélunum hvernig firðirnir líta út og við kannski getum hérna kíkt hérna aftur í aðeins til fróðleiks.

Bríet: Já.

Auðunn Kristinsson: Hér aftur í erum við með björgunarbúnað sem við getum kastað út úr vélinni. Hér erum við með tvo björgunarbáta sem að við köstum til sjófarenda ef að sem sagt við komum að



CREDITINFO

– forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

mönnum í sjó sem að hafa ekki komist í báta og það er ekki von á þyrilu eða skipi til að bjarga þeim strax að þá getum við kastað út björgunarbátum til þeirra þannig að menn geti, það fari betur um menn í sjónum þangað til björgun berst.

Bríet: Hvað eru margir starfsmenn í einu í flugi?

Auðunn Kristinsson: Það eru fjórir í áhöfn hverju sinni, tveir flugmenn og tveir stýrimenn sem að stýra eftirlitsbúnaðinum.

Bríet: Og þið eruð allir búnir að læra á þessa vél?

Auðunn Kristinsson: Já, við erum 5 búnir að læra á þessa vél.

Bríet: Og er barist um að fara í gosferðir?

Auðunn Kristinsson: Ég segi það nú ekki sko en jú auðvitað hafa menn áhuga á því og það er gaman að komast í gosferðir það er alveg klárt en vinnan gengur fyrir og ef þetta teygist á langinn eitthvað þá hérna förum við kannski að lauma okkur með þeir sem ekki eru búnir að fara.

Bríet: Hefur þú farið áður í svona gosferð?

Auðunn Kristinsson: Já, ég hef nú farið nokkrar svona gosferðir á, bæði þegar gosið var í Bárðarbungu og Heklu þannig að þetta er alltaf áhugavert og þarna gaman að sjá náttúruna spila svona með okkur.

Bríet: Og hvernig er að vinna á þessari vél miðað við vélina sem var þá í boði?

Auðunn Kristinsson: Það er bara tvennt ólíkt, það er algjör bylting, það er í raun og veru þetta að geta fylgst með eldstöðvunum og hraunflæðinu í miklu



CREDITINFO

– forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

meiri fjarlægð heldur en áður og óháð veðri það er stóra byltingin í þessu. Það er kannski annað sem að þessi vél gerir að hún gerir okkur kleift að fylgjast með til dæmis ef að það kemur hlaup að þá getum við mjög auðveldlega kortlagt útbreiðslu hlaupsins, tjón á mannvirkjum eins og vegum og slíku óháð því hvort að það sé nótt eða dagur eða hvernig veður er.

Bríet: Þurfið þið ekki að vera svolítið fróðir um jarðfræði líka?

Auðunn Kristinsson: Nei, við þurfum þess nú kannski ekki en við lærum svona af þeim vísindamönnum sem eru með okkur og svona kannski algjör grunnatriði en eins og ég segi þá er þetta kannski meira gagnaöflun hjá okkur og svo er annarra sérfræðinga að vinna úr gögnunum sem að við öflum.

Bríet: Og þegar vísindamennirnir koma hérna með ykkur í flug eru þeir þá ekkert að reyna að gægjast á skjáina og skilja eitthvað í þeim?

Auðunn Kristinsson: Jú, jú við reynum að útskýra fyrir þeim hvað við sjáum út úr þessu og þeir svo hérna fylla í eyðurnar og þetta er svona, þetta er bara samvinna þessara manna sem að eru í þessu, þessa fólks.



CREDITINFO

– forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is